

Mál nr. 199/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. júní 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. júní 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. júní 2025.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist á leið sinni í sundlaug í sveitarfélaginu X þegar hún rann í hálku við inngang íþróttamiðstöðvarinnar þar sem sundlaugin er staðsett. Féll hún til jarðar með þeim afleiðingum að hún úlnliðsbrotnaði á bæði hægri og vinstri hendi og framhandleggisbrotnaði á vinstri hendi. Vegna atviksins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Af hálfu V hefur bótaskyldu verið hafnað. M byggir á því að sveitarfélagið X beri skaðabótaábyrgð á sakargrundvelli þar sem slysið megi rekja til saknæms athafnaleysis starfsmanna og forsvarsmanna íþróttamiðstöðvarinnar. Byggir M á meginreglum skaðabótaréttar um saknæma háttsemi og brot á aðgæsluskyldu. Rekstraraðili íþróttamiðstöðvarinnar, sem opin er almenningi, beri ríka skyldu til að tryggja öryggi gesta sinna, sérstaklega að því er varðar hálkuvarnir að vetrarlagi. Sú staðreynd að starfsmenn íþróttamiðstöðvarinnar viðurkenndu fyrir lögreglu að saltmagn hefði verið ófullnægjandi á slysdegi bendi eindregið til vanrækslu á þessari aðgæsluskyldu. Fyrirhafnarlítið hefði verið að tryggja fullnægjandi aðstæður með þeirri einföldu athöfn að hálkuverja gönguleið að íþróttamiðstöðinni með fullnægjandi hætti til að koma í veg fyrir slyshættu. Vísar M til dóms Hæstaréttar í máli nr. 251/2005 og dóms héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3422/2016 máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á þeim grundvelli að ekki sé sýnt fram á að slysið megi rekja til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X, heldur hafi verið um óhappatilvik og/eða eigið aðgæsluskyldu M að ræða. Samkvæmt upplýsingum frá X hafi verið búið að dreifa salti fyrir utan íþróttamiðstöðina einu sinni að morgni slysdagsins. Í hádeginu, þegar slysið gerðist, hafi því ekki verið langt síðan starfsmenn X höfðu saltað svæðið fyrir framan inngang íþróttamiðstöðvarinnar. Þá sé gangstéttin fyrir framan innganginn upphituð. Á slysdegi hafi veður verið slæmt, hvasst og mikil hálka um allt bæjarfélagið. Telja megi að hálkublettir hafi getað myndast fljótt við slíkar aðstæður og í raun ógjörningur fyrir starfsmenn X að halda svæðinu fyrir framan innganginn alveg hálkufríu. Hafnar V því jafnframt að tilvísaðir dómar hafi fordæmisgildi enda atvik ekki sambærileg máli M. Vísar V til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 301/2023 máli sínu til stuðnings.

Í viðbótarathugasemdum sínum áréttar M að í lögregluskýrslu sé staðfest að ekki hafi verið til nægjanlegt magn af salti. Þar með hafi starfsmenn X ekki sinnt þeirri skyldu sinni að hálkuverja með fullnægjandi hætti á slysdegi. Fullyrðingu V um að starfsmenn X hafi borið salt á svæðið um morguninn, þrátt fyrir að lögregluskýrsla staðfesti skort á nægjanlegu magni af salti, er hafnað af hálfu M.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Almennt verður að leggja ríkar skyldur á eigendur og umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnar mega teljast til að sjá til þess að tryggja öryggi þeirra sem leið eiga um fasteignina. Í framburði starfsmanns X fyrir lögreglu kemur fram að saltað hafi verið um morguninn, en jafnframt að magn salts hafi ekki verið nægjanlegt. Gefur V enga skýringu á hvað starfsmaður X hafi átt við þegar hann sagði að ekki hefði verið til nægjanlegt magn af salti. Að mati nefndarinnar gefur þessi framburður starfsmanns X til kynna að nauðsynlegt hafi verið að salta meira og það hefði verið gert, hefði verið til meira magn af salti. Verður þannig að líta svo á að starfsmenn X hafi ekki gripið til nauðsynlegra ráðstafana til þess að hálkuverja nauðsynlega gönguleið að íþróttamiðstöðinni enda verður ekki ráðið af fyrirlieggjandi

gögnum að starfsmenn X hafi gert nægar ráðstafanir til að takmarka þá hættu sem stafaði af hálkunni umrætt sinn, til dæmis með því að útvega meira magn af salti. Með vísan til alls framangreinds er það afstaða nefndarinnar að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiðir til þess að M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Kemur þá til skoðunar hvort M hafi verið meðvöld af líkamstjóninu á þann hátt að hún verði látin bera hluta tjóns síns sjálf vegna meðábyrgðar. Ekkert bendir til þess að hún hafi ekki sýnt næga aðgæslu umrætt sinn á þann hátt að hún verði talin hafa verið meðvöld af líkamstjóninu. Á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.

rafrænt undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir